

# Samningur

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneytið, og Skáksamband Íslands kt. 580269-5409 gera með sér svofelldan samning um ráðstöfun á framlagi á fjárlögum til starfsemi Skáksambands Íslands.

## 1. Markmið

Markmið með samningi þessum er að styrkja starfsemi Skáksambands Íslands. Hlutverk þess er m.a. að efla mótahald, útbreiðslu og fræðslu í skák á landsvísu, auka upplýsingagjöf um skák og koma fram erlendis fyrir hönd skákhreyfingarinnar.

## 2. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 2.1. Fjárframlag ráðuneytisins til samnings þessa er ákveðið 25,1 m.kr. í fjárlögum ársins 2016.
- 2.2. Skáksamband Íslands starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulega eða öllu leyti af framlögum ríkisins.

## 3. Ábyrgð

- 3.1. Skáksamband Íslands sér um og ber ábyrgð á að framlagið sé notað til að efla starf Skáksambands Íslands.
- 3.2. Skáksamband Íslands skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.3. Skáksamband Íslands ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.4. Skáksamband Íslands er óheimilt að:
  - 3.4.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
  - 3.4.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

## 4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit

- 4.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 4.2. Ráðuneytið greiðir Skáksambandi Íslands árlegt framlag inn á bankareikning þess hjá viðskiptabanka í tólf jöfnum hlutum og er miðað við að greiða fyrsta dag hvers mánaðar.
- 4.3. Fyrir lok febrúar skal Skáksamband Íslands skila ráðuneytinu áætlun um rekstur og starfsáætlun yfirstandandi árs, þar sem fram komi m.a. hvernig áætlað er að ráðstafa framlaginu og helstu markmið sem unnið er eftir. Einnig skilar Skáksamband Íslands upplýsingum um ný verkefni eða breytingar sem kunna að verða á rekstri skáksambands Íslands á næsta starfsári.
- 4.4. Ráðuneytið boðar fulltrúa Skáksambands Íslands a.m.k. á einn formlegan fund á ári um framkvæmd samningsins í október.
- 4.5. Skáksamband Íslands ber að skila ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar. Skáksamband Íslands veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytinu er heimilt að framkvæma eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á framkvæmd

samningsins. Við eftirlit hefur ráðuneytið aðgang að gögnum hjá Skáksambandi Íslands sem við koma samningnum.

- 4.6. Gera skal grein fyrir framlagi ríkisins í ársreikningi Skáksambands Íslands. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 4.7. Skáksamband Íslands skal fyrir lok júní skila inn greinargerð um framkvæmd samningsins og hvernig styrknum var ráðstafað miðað. Það skilar einnig ráðuneytinu endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan með skýringum og skal afrit jafnframt sent Ríkisendurskoðun.
- 4.8. Eigi Skáksamband Íslands í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda þess eða annarra aðila skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.


## 5. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 5.1. Skáksamband Íslands tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt skal Skáksambandið greina frá úrræðum sem það hyggst grípa til.
- 5.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja greiðslur uppfylli Skáksamband Íslands ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 5.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 5.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


## 6. Gildistími

- 6.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2016.
- 6.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði eða verkefni samningsins eða samningurinn í heild verði tekin til endurskoðunar séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 6.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 6.4. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík, 10. mars 2016



Karitas Gunnarsdóttir  
Starfandi ráðuneytisstjóri



Gunnar Björnsson  
forseti Skáksambands Íslands